



Nýársávarp
forseta Íslands
Ásgeirs Ásgeirssonar
1. janúar 1953

Góðir Íslendingar.

Ég þakka yður gamla árið, traust og vináttu, allar kveðjur og góðar óskir. Þær eru mér fyrirbærir í nýbyrjuðu starfi.

Ég óska yður einnig gleðilegs nýárs, þjóðinni árs, friðar og öryggis, einstaklingunum góðrar afkomu og vaxandi trúar á lífið og framtíðina.

Því verður ekki neitað, að það kennir stundum nokkurs kvíða og geigs í mönnum gagnvart framtíðinni, og þó einkum nú á síðari árum að loknum tveim heimsstyrjöldum. Trúin og vonin hafa beðið hnekki, sem vér þurfum að yfirvinna, ef kostur er. Það verður ekki umflúið, að blakandi trú og sortnandi lífsskoðun hafi ískyggileg áhrif á allt þjóðlífið, skapið verður stirðara og allar deilur og átök erfiðari viðfangs. Víðtæk vinnustöðvun, sem fór vaxandi með hverjum degi, sló fyrir skemmstu skugga sínum fram á jólin og nýárið. Orsakimar verða að sjálfstöðu ekki raktar til neins einstaks manns, flokks eða stéttar, en þegar í slíkan eindaga er komið, þá reynir á skilning og velvild alls almennings og forystumanna. Engin slík deila er óleysanleg, nema þá sjaldan að stefnt er að borgarastyrjöld, en það hefur aldrei hent með vorri þjóð. Ég minnst vart meiri feginsdags í verkfallslok, en að þessu sinni. Allir eru sammála um heppilega lausn, eftir því sem málum var komið. Aukin kaupgeta, innan þeirra takmarka, sem framleiðslumagn og útflutningsverð leyfa, styður ekki aðeins launafólk heldur og framleiðendur sem selja afurðir sínar innanlands. Hún er nýr markaður. Þeir eiga allir þjóðarþökk, sem hér stóðu að málum. Vér höfum síðan notið gleðilegrar hátíðar við einmuna veðurblíðu.

En er þá ástæða til þess dvínandi trúartrausts og vaxandi úlfúðar, sem oft ríkir með vorri fámennu þjóð. Ekki virðist oss það, mörgum hverjum, sem munum glöggt hina síðustu hálfu öld. Vér höfum yfir fleiru að gleðjast en hryggjast, og ef leiðtogar níttjándu aldarinnar mættu rísa úr gröfum sínum, hygg ég, að þeir myndu gleðjast yfir árangrinum af sínu brautryðjendastarfi og áframhaldi niðjanna.

Það er rúmlega ein öld síðan Alþingi var endurreist og ein fimmtíu ár síðan kom út konungsboðskapur um sérstakan ráðherra, sem tali og riti íslenska tungu, og sérstakt stjórnarráð með aðsetur í Reykjavík. Það er varla von, að hinir yngri menn geri sér ljósa þá gífurlegu breyting, sem orðin er. Það voru bjartsýnir menn á framtíð þjóðarinnar, sem tóku við boðskap konungs, - en höfum vér ástæðu til að vera yggdir og trúarlitlir, sem njótum nú alls árangurs hinnar löngu og farsælu sjálfstæðisbaráttu? Hin stjórnarfarslega og efnahagslega sjálfstæðisbarátta héldust í hendur, enda var kúgun íslensku þjóðarinnar lengst af fólgin í arðrání. Arðrinum af starfi þjóðarinnar varð ekki bjargað, nema með sjálfstjórn á öllum sviðum, og sjálfstjórninni varð ekki

komið á nema með miklu framtaki í öllum greinum atvinnulífsins. Langur þroskaferill var undirbúningur lýðveldisins, sem stofnað var á löglegum tíma eftir samningi við vora gömlu sambandsþjóð. Það ættu því öll skilyrði að vera fyrir vinsamlegum samskiptum milli þjóðanna í framtíðinni, enda virðist mér allt stefna í þá átt eftir því sem ég þekki til. Vér minnumst nú þessa dagana hinnar síðustu drottningar yfir Íslandi, Alexandrinu, sem var vitur kona, góð móðir og ástúðleg í umgengni við þegna sína. Hún og Kristján konungur áttu hér á landi mörg spor og marga vini, og enga óvildarmenn. Drottinn blessi minningu hennar, og þeirra beggja.

Það er þó mála sannast, sem sagt hefur verið, að sjálfstæðisbaráttunni sé aldrei lokið. Hún heldur áfram eins og sjálf lífsbaráttan. Í því sambandi má minna á þá baráttu, sem vér nú stöndum í fyrir stærri landhelgi. Vér byggjum eyland og hyggjum ekki á landvinninga. En landgrunnið helgast af landinu sjálfu. Aðrar þjóðir eiga námur, skóga og akra, en vér þurfum að flytja allan slíkan afrakstur inn til að lifa mannsæmandi lífi og verðum að greiða innflutninginn að mestu með sjávarafurðum. Vér eigum því allt undir því að fiskstofninn varðveitist og mikið undir því, að landróðrar hinna smærri báta og skipa leggist ekki niður. Til þess er nærtækt dæmi. Það tók ekki mörg ár kringum aldamótin fyrir erlenda togara að útrýma að kalla útgerð hinna opnu skipa hér við innanverðan Faxaflóann, og valda fátækt þar sem áður var velmegun, og fólksflutningum í stórum stíl.

En nú hefur hættan á öreyðing færst utar vegna aukins skipafjölda og stórtækra veiðivéla. Vér Íslendingar eigum sjálfir hin fullkornustu skip og leggjum á þau sömu kvöð og útlendingana. Frá íslenskum togaraeigendum hafa engin mótmæli borist og er það virðingarvert og viðurkenning á nauðsyn alþjóðar. Útlendingar sitja við sama borð og vér sjálfir, og ég trúi því ekki fyrr en vér tökum á því, að ekki náist friðsamleg viðurkenning á rétti vorum, því hér er við þjóð að eiga, sem jafnan hefur reynst góður nágranni. Í þessu efni standa Íslendingar saman sem einn maður og munu halda á máli sínu með festu og drengskap. Það er skylt að játa eins og ég hef gert, að stækkun landhelginnar er afleiðing af þörf þjóðarinnar og innlendrar útgerðar. En erlend stórútgerð nýtur í framtíðinni árangursins af friðuninni á saman hátt og hin íslenska. Viðgangur útgerðarinnar hér á landi hefur verið mikill og haft vaxandi þýðingu fyrir þjóðarbúskapinn. Um það leyti sem togveiðar spilltu grunnmiðum kom fyrsta bátavélin til Íslands; það var tveggja hestafla vél, sem kom til Ísafjarðar og „gekk báturinn eins og honum væri róið af sex mönnum“. Vélin var það sem bjargaði, þegar lengra þurfti að sækja. Nú eru skúturnar fyrir löngu úr sögunni, en tilsvarendi vélbátafloki hefur tífoldast á tæpum fimm títum árum. Um viðgang togaraflotans er öllum kunnugt, því hann er allur nýr og frá þessari öld.

Áþekk framför hefir orðið í íslenskum landbúnaði á sama tíma. Moldin er frjósöm, grasið hvanngrent og safamikið og töðufallið fjórfalt. Matjurtagarðar hafa stækkað að sama skapi, gróðurhús er nýr atvinnurekstur og sandgræðsla, kornrækt og trjárækt rekin með nýjum áhuga og bjartsýni. Þjóðvegir og aðrir akfærir bílvegir eru allir nýir og hafa gerbreytt búskapar- og lifnaðarháttum fólksins. Steinsteypt bæjarhús og útihús eru öll frá þessari öld, og geta ungir sem gamlir borið þar saman gamla og nýja tímenn því enn standa eftir nokkrir gamlir bæir. Nú er byggt til frambúðar og eru afköstin ótrúleg á skömmum tíma og vantar þó mikið á að fullnægt sé aðkallandi þörf.

Iðnaðurinn er nýr í þeirri mynd, sem hann nú er rekinn, síldarverksmiðjur, hraðfrystihús, ullarverksmiðjur, mjólkurbú og allur hinn mikli verksmiðjuíðnaður, sem byggir á innfluttum hráefnum – og veitir mikla atvinnu og nauðsynlega fyrir þjóðarbúið, þeim sem flust hafa á þéttbýlið. Iðnaður er hinn nýjasti vottur um hið mikla framtak og vaxandi þekking og tækni þjóðarinnar.

Það er hollt að horfa yfir farinn veg og sækja þangað kraft og kjark til áframhaldandi starfa. Þessari miklu þróun hefur það fylgt að fólk flytur úr sveitum og bæir og kaupþún vaxa stórlega. Vér getum víst öll verið sammála um, að þjóðfélagið á ekki með sínum ráðstöfunum að ýta undir þann fólksstraum, heldur draga úr með óbeinum ráðstöfunum, sem við verður komið. En þá hefur þetta verið straumur tímans vegna atvinnugreiningar, margs konar nýrrar þjónustu svo sem við alinnlenda verslun og sívaxandi siglingar landsmanna, sem hvort tveggja eru burðarásar sjálfstæðs atvinnulífs. Framleiðsla landbúnaðarafurða hefur og aukist á hvert dagsverk og þéttbýlið skapað nýjan markað fyrir afurðir bænda.

Hitt er svo áhyggjuefni, hvaða áhrif þessi fólksflutningur hefur á framtíð íslenskrar menningar. Í ungum og stækkandi bæjum lifir menningin ekki á gömlum merg. Þar er hætta á ferðum, ef ekkert er að gert – bæði í vaxandi bæjum og á fámennum sveitahemilum. Flestum mun verða á að renna huganum til skólanna. Nú eru í öllu landinu um 330 skólar og þá sækja um 25.000 nemendur árlega. Skólarnir hafa í þessu efni vandasamt verkefni og mikla ábyrgð. Það sem þeir geta áorkað um að móta skapgerð nemenda er mest um vert. Þeir þurfa að vekja skilning á íslensku máli, áhuga á sögu og bókmenntum og yndi af íslenskri náttúru. Íslensk tunga er hrein og svo tær, að það sér í botn, - ég á við, að uppruninn, spekin og fegurðin lýsi í gegnum orðin þegar vel er að gáð. Við brjóst náttúrunnar hafa börn og unglingar hlotið besta uppeldi. Landið má enn heita opinn leikvöllur, og aldrei hafa fleiri Íslendingar víðar ferðast en nú á bílaöldinni. Bókmenntaáhuginn verður ekki vakinn með þvingun, heldur með því að skýra, laða og kveikja áhuga. Þá væri íslensku þjóðinni hætt ef sögurnar og kvæðin lifðu ekki lengur á vörum fólksins.

Vér Íslendingar gerum nú kröfu um endurheimt hinna fornu handrita, og erum svo öruggir um málstaðinn, að vér söfnum nú fé til bókhlöðu til að vera við búnir að taka við hinum dýru dómum. Hér stöndum vér enn sem einn maður. Handritin eru í Danmörku vegna þess sambands, sem var með þjóðunum, og þegar því sambandi er slitið sýnir það skilning og bróðurhug að afhenda þann menningararf, sem Íslendingum er dýrmætari en öllum öðrum þjóðum. Ég ræddi einu sinni við gamlan vin um þann mikla menningararf, sem hinar Norðurlandþjóðirnar eiga umfram okkur í kirkjum, höllum og margs konar dýrgripum. Hann hugsaði sig um og sagði: „Vildir þú skipta á því og Íslendingasögunum?“ Ég lét huggast, og fagna nú þeirri stund, þegar hin fornu handrit verða flutt heim.

Krafan um handritin er jafnframt áminning til vor sjálfra um að varðveita í hjörtum vorum sögu vora, bókmenntir og tungu. Það er hin sívaxandi uppspretta íslensks þjóðernis, sem hefur gert oss frjálsa. Í því liggur einingin, að vér erum af einu þjóðerni, sem er skýrt afmarkað, eins og eyjan, sem vér byggjum. Það ber svip af hinum hreina kynstofni, óslitinni sögu frá upphafi Íslandsbyggðar, samfelldum bókmenntum, sem hafa borist frá kynslóð til kynslóðar og hinni svipmiklu litskrúðugu náttúru landsins, sem er ýmist mild eða hörð. Örlög þjóðarinnar eru örlög vor, hvers og eins. Vér höfum lifað á uppgangstímum, og ber að þakka það með því að líta með einurð fram í tímann í trú á göfuga framtíð í góðu landi. Ungt lýðveldi hefur ekki ellimörk.

Vér erum erum í einum báti, ekki farþegar, heldur skráðir á skipið sem áhöfn með fullri ábyrgð, skyldum og réttindum, og ber að taka því, sem að höndum ber með hugrekki sjómannsins. Lífið er samstarf mannsins og æðri máttarvalda. Hin „meingjarna þrætugyðja“ fer ekki með stjórna, heldur þau máttarvöld, sem búa í oss sjálfum, örlögum þjóðarinnar og í alvaldsgeymi, og sem flesta órar fyrir á

örlagastundum lífsins, og margir veigra sér þó við að kalla ákveðnu nafni – nema þegar við hefjum þjóðsönginn og áköllum Guð vors lands, ó lands vors guð. –

Góðir Íslendingar, ég ávarpa yður héðan frá Bessastöðum. Vonandi hefur það nafn nú betri hljómi en fyrr á öldum. Hér hefur eins og víðar fátt varðveist, sem minnir á fortíðina nema húsið sjálft, en það er byggt fyrir atbeina fyrsta Íslendingins sem hlaut amtmannstign, Magnúsar Gíslasonar. Hann bjó fyrstur í þessu húsi og að frátöldum fáeinum árum hafa íslenskir menn búið hér og starfað. En Grímur Thomsen var hinn fyrsti íslenski eigandi jarðarinnar eftir Snorra Sturluson. Samur er hann Keilir og söm er hún Esja og var á dögum Snorra, víðsýni mikið og náttúrufegurð. Hér er ilmur úr jörðu og af þýðingum Sveinbjarnar Egilssonar og kvæðum Gríms. Úti sé ég ljós á gröf hins fyrsta forseta Íslands, Sveins Björnssonar, sem á sinn þátt í að helga þennan stað. Hér er nú þjóðarheimili með sérstökum hætti og hefur okkur hjónunum verið falin forstaða þess um skeið. Við lítum nú með viðkvæmum huga og þó vonglöð fram til hins nýja árs, og flytjum öllum heimilum og fjölskyldum landsins hjartanlegar nýársóskir.

Drottinn blessi fósturjörðina og haldi sinni verndarhendi yfir landi og lýð á komandi ári.